

semja á annan veg í samningum sínum við Vegagerð ríkisins, svo að bindandi væri fyrir stefnanda. Af sömu ástæðum brast stefnda heimild til að ákveða sér úrskurðarvald um þessi atriði í samningum sínum við vegagerðina, svo að bindandi væri fyrir stefnanda.

Samkvæmt þessu, sem nú hefur verið rakið, þykir bera að taka til greina kröfur stefnanda í málinu, en rétt þykir, að afstaða til málskostnaðar verði tekin við endanlegan dóm í málinu.

Emil Ágústsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

#### Dómsorð:

Viðurkenndur er alger forgangsréttur stefnanda, Bílstjórafélags Suður-Þingeyjarsýslu, á akstri, sem eingöngu fer fram á félagssvæði hans.

Úrskurður stefnda, stjórnar Landssambands vörubifreiðarstjóra, frá 4. júní 1961 er úr gildi felldur.

---

Mánudaginn 22. maí 1967.

Nr. 64/1967.

**Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)  
gegn

**Einari Sverri Einarssyni**

**Sigurþóri Heimi Sigurðssyni**

(Örn Clausen hrl.)

og

**Jens Emil Snæbjörnssyni**

(Ragnar Ólafsson hrl.).

**Dómenndur:**

hæstaréttardómaramir Gizur Bergsteinsson, Benedikt Sigurjónsson, Einar Arnalds og Logi Einarsson og Hákon Guðmundsson yfirborgardómari.

Þjófnaður. Hylming.

**Dómur Hæstaréttar.**

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Ákærðu Einar Sverri Einarsson og Sigurbór Heimi Sigurðsson ber að dæma óskipt til að greiða laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 10.000.00, og ákærða Jens Emil Snæbjörnsson laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, kr. 8.000.00. Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, greiði allir hinir ákærðu óskipt.

#### Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Ákærðu Einar Sverrir Einarsson og Sigurbór Heimir Sigurðsson greiði óskipt laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Arnar Clausens hæstaréttarlögmanns, kr. 10.000.00.

Ákærði Jens Emil Snæbjörnsson greiði laun verjanda síns fyrir Hæstarétti, Ragnars Ólafssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Allan annan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti í ríkissjóð, kr. 15.000.00, greiði ákærðu óskipt.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

#### Dómur sakadóms Reykjavíkur 7. marz 1967.

Ár 1967, þriðjudaginn 7. marz, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem sakadómará, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu nr. 106—108/1967: Ákærvaldið gegn Einari Sverri Einarssyni, Jens Emil Snæbjörnssyni og Sigurbóri Heimi Sigurðssyni, sem tekið var til dóms 21. f. m.

Málið er höfðað með ákæruskjali saksóknara ríkisins, dagsettu 3. janúar s.l., gegn ákærðu:

- „1. Einari Sverri Einarssyni verkamanni, Safamýri 65, Reykjavík, fæddum 11. ágúst 1944 í Reykjavík.
2. Jens Emil Snæbjörnssyni verkamanni, Blönduhlíð 21, Reykjavík, fæddum 23. ágúst 1946 í Djúpavogi, og
3. Sigurbóri Heimi Sigurðssyni verkamanni, Lokastíg 20, Reykjavík, fæddum 20. október 1944 í Reykjavík.

## I.

Gegn ákærðu Einari Sverri og Jens Emil er málið höfðað fyrir að hafa mánudagsmorguninn 21. nóvember 1966 brotízt inn í Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar, Skólavörðustíg 3, Reykjavík, og stolið þaðan kr. 125.00 í peningum og urum og skartgripum að verðmæti kr. 763.947.00, svo sem hér er nánar tilgreint:

33 stk.	Pierpont karlmannsúr	.. . . . .	kr. 77.963.00
3 —	—	vasaúr .. . . . .	— 3.690.00
27 —	—	kvenúr .. . . . .	— 50.949.00
22 —	Favre-Leuba karlmannsúr	.. . . . .	— 67.080.00
1 —	—	vasaúr .. . . . .	— 1.825.00
14 —	—	kvenúr .. . . . .	— 34.598.00
34 —	Alpina karlmannsúr	.. . . . .	— 122.515.00
11 —	—	kvenúr .. . . . .	— 39.188.00
17 —	Terval karlmannsúr	.. . . . .	— 35.793.00
21 —	—	kvenúr .. . . . .	— 54.244.00
13 —	Roamer karlmannsúr	.. . . . .	— 30.640.00
1 —	—	vasaúr .. . . . .	— 1.328.00
8 —	—	kvenúr .. . . . .	— 17.130.00
4 —	Nivada karlmannsúr	.. . . . .	— 10.020.00
1 —	—	kvenúr .. . . . .	— 2.505.00
6 —	Stoppúr	.. . . . .	— 9.605.00
10 —	Kienzle karlmannsúr	.. . . . .	— 4.175.00
2 —	—	vasaúr .. . . . .	— 915.00
8 —	—	kvenúr .. . . . .	— 5.050.00
1 —	Sora kvenúr	.. . . . .	— 545.00
6 —	Oris kvenúr	.. . . . .	— 4.140.00
2 —	Olympia karlmannsúr	.. . . . .	— 2.390.00
2 —	Universal karlmannsúr	.. . . . .	— 11.735.00
1 —	Thuya karlmannsúr	.. . . . .	— 1.475.00
1 —	Record karlmannsúr	.. . . . .	— 2.260.00
8 —	kvenspangarúr	.. . . . .	— 22.295.00
34 —	dömuhringir	.. . . . .	— 37.265.00
163 —	festar	.. . . . .	— 93.731.00
	Viðhengi og eyrnalokkar	.. . . . .	— 18.898.00

---

Samtals kr. 763.947.00

Telst þetta varða við 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

## II.

Gegn ákærða Sigurbóri Heimi er málið höfðað fyrir hylmingu með því að taka til geymslu í herbergi sínu að Lokastíg 20 að morgni hins 21. nóvember 1966 úr þau og skartgripi, sem með-ákærðu höfðu þá skömmu áður stolið að Skólavörðustíg 3, þar til lögreglan fann þýfið síðar þann dag.

Telst þetta varða við 254. gr. almennra hegningarlaga.

Þess er krafizt, að ákærðu verði dæmdir til refsingar, til greiðslu skaðabóta og alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða Einars Sverris hefur hann sætt kærur og refsingum, sem hér segir:

- 1962 26/9 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1962 9/10 í Reykjavík: Áminning fyrir ölvun.
- 1963 27/3 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ökuhraða.
- 1963 9/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1963 9/12 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir áfengislagabrot.
- 1964 9/3 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1964 1/7 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn 1. mgr. 194. gr. hegningarlaga, sbr. 1. mgr. 20. gr. sömu laga.
- 1964 20/7 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.
- 1965 29/3 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur, kr. 15.450.15.

Ákærði Jens Emil hefur samkvæmt sakavottorði sínu sætt þessum kærur og refsingum:

- 1961 11/12 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 11/12 1961. Skal háður eftirliti Óscars Clausens. Bréf dómsmálaráðuneytisins 13/12 1961.
- 1962 15/5 í Reykjavík: Dómur: Ákvörðun um refsingu frestað skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 155. og 244. gr. hegningarlaga.
- 1962 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga. Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 22/10 1962.
- 1964 1/6 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 4 mánuði skilorðsbundið í 3 ár fyrir brot gegn 244. gr. hegningarlaga.
- 1964 28/9 í Reykjavík: Dómur: Fangelsi í 6 mánuði skilorðs-

bundið í 3 ár fyrir brot gegn 217. gr. hegningarlaga-  
anna.

- 1965 13/10 í Reykjavík: Dómur: 1 árs fangelsi fyrir brot gegn  
155., 244. og 245. gr. hegningarlaga.  
1965 13/8 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir brot á 21. gr.  
áfengisлага.  
1966 3/3 í Reykjavík: Dómur: 5 mánaða fangelsi fyrir brot á  
244. gr. hegningarlaga.

Loks hefur ákærði Sigurbór Heimir sætt þessum kærnum og  
refsingum:

- 1962 9/2 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir óskoðaða bifreið.  
1962 í Reykjavík: Uppvís að broti gegn 244. gr. hegningarlaga.  
Ákæru frestað skilorðsbundið í 2 ár frá 6/9 1962.  
1962 31/10 í Reykjavík: Áminning fyrir umferðarslys.  
1962 9/11 í Reykjavík: Sátt, 400 kr. sekt fyrir ökuhraða.  
1963 8/4 í Reykjavík: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.  
1963 28/11 í Reykjavík: Sátt, 500 kr. sekt fyrir ölvun.  
1963 14/4 í Reykjavík: Sátt, 1.500 kr. sekt fyrir ölvun o. fl.  
1963 6/7 í Reykjavík: Dómur: 8 mánaða fangelsi fyrir brot  
gegn 252. og 244. gr. hegningarlaga.  
1965 29/3 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot  
gegn 244. gr. hegningarlaga. Greiði skaðabætur.  
1966 17/2 í Reykjavík: Dómur: 4 mánaða fangelsi fyrir brot  
gegn 244. gr. hegningarlaga.

Málavextir eru þessir:

Mánudaginn 21. nóvember s.l. kl. 0845 var rannsóknarlögregl-  
unni tilkynnt, að innbrotsþjófnaður hefði verið framinn um nótt-  
ina í Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar að Skóla-  
vörðustíg 3 hér í borginni. Vettvangsrannsókn lögreglunnar leiddi  
í ljós, að farið hafði verið inn í verzlunina um opnanlegan glugga,  
sem veit út að Skólavörðustíg. Glugginn hafði verið opinn um  
nóttina og kræktur á stormjárn. Innanmál gluggans er 27×34  
cm, og er hann í 180 cm hæð frá jörðu. Var því talið, að fleiri  
en einn hlytu að hafa verið að verki, þar sem eigi væri á færi  
eins manns að komast inn um gluggann. Úr verzluninni hafði  
verið stolið miklu magni af úrum, svo að segja öllum, sem þar  
voru, og margs konar skartgripum. Voru munir þessir í afgreiðslu-  
borði, skáp á bak við afgreiðsluborðið og sýningarglugga. Þá  
hafði verið farið í peningaskúffu í afgreiðsluborði og teknar úr  
henni um 125.00 kr. í smáseðlum og smærri mynt. Innbrotsþjóf-

arnir höfðu farið á brott úr verzluninni um aðaldyr hennar, en ekki þurfti lykla til að opna hurðina að innanverðu.

Við rannsókn tæknideildar rannsóknarlögreglunnar fundust greinileg fingraför á innanverðum gluggapósti opnanlega gluggans, sem farið hafði verið inn um, svo og á trélista, sem er efst á vegg fyrir innan gluggann, á smáklefa, sem notaður er til úraviðgerða. Reyndust níu af ellefu fingraförum, sem fundust á framangreindum stöðum, vera eftir Einar Sverri, ákærða í máli þessu.

Við yfirheyrslu hjá rannsóknarlögreglunni sama dag játaði Einar Sverrir að vera valdur að umræddum innbrotspjófnaði. Skýrði hann frá því, að ákærði Jens Emil hefði verið með sér við innbrotið. Daginn eftir var ákærði Jens Emil tekinn til yfirheyrslu, og viðurkendi hann einnig þátttöku sína í innbrotinu. Þýfið höfðu ákærðu farið með heim til ákærða Sigurþórs Heimis að Lokastíg 20 hér í borginni. Fóru rannsóknarlögreglumenn heim til hans síðla dags hinn 21. nóvember s.l. og skýrðu honum frá því, hvað fram hefði komið í málinu. Hittu þeir ákærða í herbergi hans. Lét hann fyrst sem hann vissi ekkert, er lögreglumennirnir skýrðu honum frá erindi sínu, en um síðir vísaði hann þeim þó á rúmfataskassa, sem nokkuð af þýfinu var geymt í. Var þar lítil taska, troðin af úrum. Við nánari leit í herberginu fundu lögreglumennirnir bréfpoka inni í skáp, og voru nokkur úr og hringir í honum. Þá fannst bakki undir svefnbekk ákærða, er á voru hringir og festar. Þýfið höfðu ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil upphaflega sett í rúmfataskassa í herberginu, en ákærði Sigurþór Heimir viðurkendi fyrir rannsóknarlögreglunni að hafa sett það í umbúðir og flutt það úr stað. Sumt af þýfinu hafði skemmzt. Hafði gler á úrunum rispázt og festar slitnað.

Rannsóknarlögreglumenn töldu þýfið. Meginið af því var verðmerkt, en þar sem svo var ekki, gaf Helgi Sigurðsson úrsmiður upp verðið. Var innkaupsverð þess samtals kr. 420.000.00, en útsöluverð kr. 765.000.00. Þýfið reyndist vera sem hér segir, og er verðmæti þess miðað við útsöluverðið úr búð:

33 stk.	Pierpont karlmannsúr . . . . .	kr.	77.963.00
3 —	— vasaúr . . . . .	—	3.690.00
27 —	— kvenúr . . . . .	—	50.949.00
22 —	Favre-Leuba karlmannsúr . . . . .	—	67.080.00
1 —	— vasaúr . . . . .	—	1.825.00
14 —	— kvenúr . . . . .	—	34.598.00

34 stk.	Alpina karlmannsúr . . . . .	kr. 122.515.00
11 —	— kvenúr . . . . .	— 39.188.00
17 —	Terval karlmannsúr . . . . .	— 35.793.00
21 —	— kvenúr . . . . .	— 54.244.00
13 —	Roamer karlmannsúr . . . . .	— 30.640.00
1 —	— vasaúr . . . . .	— 1.328.00
8 —	— kvenúr . . . . .	— 17.130.00
4 —	Nivada karlmannsúr . . . . .	— 10.020.00
1 —	— kvenúr . . . . .	— 2.505.00
6 —	Stoppúr . . . . .	— 9.605.00
10 —	Kienzle karlmannsúr . . . . .	— 4.175.00
2 —	— vasaúr . . . . .	— 915.00
8 —	— kvenúr . . . . .	— 5.050.00
1 —	Sora kvenúr . . . . .	— 545.00
6 —	Oris kvenúr . . . . .	— 4.140.00
2 —	Olympia karlmannsúr . . . . .	— 2.390.00
2 —	Universal karlmannsúr . . . . .	— 11.735.00
1 —	Thuya karlmannsúr . . . . .	— 1.475.00
1 —	Record karlmannsúr . . . . .	— 2.260.00
8 —	kvenspangarúr . . . . .	— 22.295.00
34 —	dömuhringir . . . . .	— 37.265.00
163 —	festar . . . . .	— 93.731.00
	Viðhengi og eyrnalokkar . . . . .	— 18.898.00

---

Samtals kr. 763.947.00

Verða nú raktir framburðir ákærðu um málsatvik.

Ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil hafa skýrt frá því, að aðfaranótt mánudagsins 21. nóvember s.l. hafi ákærðu verið við drykkju að Haðarstíg 2 hér í borg ásamt fleira fólki. Ákærðu fóru þaðan á brott um morguninn og voru þá talsvert ölvaðir. Héldu þeir fyrst heim til ákærða Sigurbórs Heimis að Lokastíg 20. Varð ákærði Sigurbór Heimir þar eftir, en ákærðu Einar Sverrir og Jens Emil fóru á brott og héldu fótgangandi áleiðis niður í miðborgina. Lá leið þeirra um Skólavörðustíg. Þegar þeir komu á móts við Úra- og skartgripaverzlun Helga Sigurðssonar að Skólavörðustíg 3, kveðst ákærði Einar Sverrir hafa séð að gluggi var opinn á framhlið verzlunarinnar, og benti hann ákærða Jens Emil á þetta. Datt ákærðu í hug að brjótast þarna inn í leit að verðmætum. Héldu þeir að glugganum, er var kræktur á stormjárn. Losaði ákærði Einar Sverrir um stormjárnid og

lyfti ákærði Jens Emil honum að því búnu upp í gluggann. Tókst ákærða Einari Sverri að komast inn um gluggann, og opnaði hann, er inn kom, útidyr verzlunarinnar fyrir ákærða Jens Emil.

Ákærðu slógu eign sinni á úr og skartgripi verzlunarinnar, sem voru í afgreiðsluborði, skápum og sýningarglugga. Þá kveður ákærði Jens Emil þá hafa tekið þar 125.00 kr. í peningum, en þess kveðst ákærði Einar Sverrir ekki minnst, enda þótt verið geti, að ákærði Jens Emil hafi gert það. Ákærðu stungu því, er þeir slógu eign sinni á, í vasa sína án þess að telja það og fóru með það heim til ákærða Sigurbórs Heimis að Lokastíg 20. Ákærði Jens Emil kveður þá hafa sagt honum frá innbrotinu og sýnt honum það, sem þeir voru með. Báðu þeir ákærða að taka þýfið til geymslu, en hann vildi ekki á það fallast fyrst í stað. Að lokum samþykkti hann það þó og sagði ákærðu að setja þýfið í fatakassa við rúm sitt. Ákærðu voru ekki farnir að ráðstafa þýfinu, er þeir voru handteknir. Ákærði Jens Emil kveðst hafa stungið á sig einum hring í búðinni og verið með hann á sér, er hann var handtekinn.

Ákærði Einar Sverrir kveður ákærða Sigurbór Heimi hafa verið sofandi, er þeir komu til hans og báðu hann að geyma þýfið fyrir sig. Ákærðu settu allt þýfið í rúmfatakassa og héldu að því búnu á brott. Fóru þeir að Haðarstíg 2, en fengu þar ekki inngöngu. Héldu ákærðu þá aftur heim til ákærða Sigurbórs Heimis. Báðu þeir hann um að fá að leggja sig hjá honum. Ákærði vildi ekki samþykkja það, og héldu ákærðu við svo búíð á brott. Ákærði Einar Sverrir kveðst ekki hafa verið farinn að ráðstafa neinu af þýfinu, er hann var handtekinn. Ákærði kveðst hafa vísað lögreglunni á þýfið. Ákærði kveður þá ákærða Jens Emil hafa verið mjög drukkna, er þeir frömdu innbrotið.

Ákærði Sigurbór Heimir kveðst hafa orðið viðskila við meðákærðu að Haðarstíg 2 og farið einn heim til sín. Ákærði háttaði eftir að heim kom, enda var hann mjög drukkinn. Skömmu á eftir komu meðákærðu til ákærða og voru þá með fulla vasa af úrum og skartgripum. Ákærði kveðst ekki minnst þess, að ákærðu hafi sagt sér, hvar þeir hefðu fengið þetta, og kveðst hann ekki hafa leitt hugann að því, hvernig ákærðu hefðu komizt yfir verðmæti þessi. Ákærðu báðu ákærða að geyma úrin og skartgripina fyrir sig. Ákærði kveðst hafa vísað meðákærðu út fyrst í stað, en fallizt þó á að veita þessu viðtöku. Ákærði man ekki, hvort hann sagði ákærðu að setja úrin og skartgripina í rúmfatakassa sinn, en þegar þeir höfðu komið þeim þar fyrir,

fóru þeir á brott, og ákærði lagðist til svefns. Ákærði kveðst hafa vaknað við það, að ákærði Jens Emil kom inn í herbergið og lagðist til svefns á gólfinu. Þegar þeir vöknúðu, sagði ákærði ákærða Jens Emil, að hann yrði að hafa sig á burt með þýfið, þar sem ákærði vildi ekki hafa það í herbergi sínu. Ákærði Jens Emil fór á brott og sagðist mundu sækja leigubifreið. Ákærði tók sig nú til og bjó um úrin og skartgripina í lítilli tösku og bréfpoka. Töskuna setti ákærði undir rúm sitt, og kveður ákærði kunna að vera, að e. t. v. hafi dottið eitthvað úr henni, en bréfpokann faldi hann í kommóðuskúffu. Kveðst ákærði hafa ætlað að hafa þetta tilbúið, þegar meðákærði Jens Emil kæmi. Hann kom ekki, en síðdegis komu rannsóknarlögreglumenn heim til ákærða, tóku allt þýfið og handtóku hann.

Framangreint atferli ákærðu Einars Sverris og Jens Emils er sannað með játningum þeirra og öðrum gögnum í máli þessu. Hafa þeir með því orðið brotlegir gegn 244. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Þykja refsingar þeirra hvors um sig hæfilega ákveðnar með hliðsjón af sakavottorðum þeirra 15 mánaða fangelsi.

Þá er sannað samkvæmt því, sem að framan er rakið, að ákærði Sigurþór Heimir veitti viðtöku til geymslu framangreindum verðmætum, sem hann að áliti dómsins vissi, að aflað hafði verið með auðgunarbroti. Varðar það atferli hans við 254. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 4 mánaða fangelsi.

Ákærðu sátu í gæzluvarðhaldi frá 22. nóvember 1966 til 6. janúar 1967, og þykir rétt, að sá tími komi til frádráttar refsingum þeirra.

Helgi Sigurðsson úrsmiður hefur ekki gert skaðabótakröfu á hendur ákærðu. Hann hafði þjófnaðartryggingu hjá Samvinnu-tryggingum, og fékk hann kr. 105.000.00 í skaðabætur frá tryggingafélaginu skv. mati starfsmanna þess fyrir það tjón, sem hann varð fyrir.

Samvinnutryggingar hafa krafizt þess, að ákærðu verði dæmdir til greiðslu fjárhæðar þessarar.

Verjendur ákærðu hafa fyrir þeirra hönd krafizt þess aðallega, að kröfu þessari verði vísað frá sakadómi, þar sem hún sé eigi nægilega rökstudd, en til vara, að hún verði lækkuð.

Fram er komið í málinu, að 2 starfsmenn Samvinnu-trygginga mátu tjónið á úrunum og skartgripunum. Fór matið fram, án þess að ákærðu eða talsmönnum þeirra væri gefinn kostur á að

vera viðstaddir. Þegar dómariinn fékk málið í hendur, hafði meginíð af úrunum og skartgripunum verið selt, þannig að mati dómkvaddra manna varð eigi við komið.

Samkvæmt framansögðu verður aðalkrafa verjenda ákærðu tekin til greina, og ber því að vísa kröfu Samvinnutrygginga frá sakadómi.

Ákærðu Einar Sverri og Sigurbór Heimi ber að dæma til að greiða in solidum skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, kr. 6.000.00 í málsvarnarlaun og ákærða Jens Emil til að greiða skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, í málsvarnarlaun kr. 5.000.00, en annan sakarkostnað þykir rétt, að ákærðu greiði allir in solidum.

#### Dómsorð:

Ákærðu Einar Sverrir Einarsson og Jens Emil Snæbjörns-son sæti hvor um sig fangelsi í 15 mánuði og ákærði Sigurbór Heimir Sigurðsson sæti fangelsi í 4 mánuði. Til frádráttar refsingunum skal koma gæzluvarðhald þeirra frá 22. nóvember 1966 til 6. janúar 1967.

Ákærðu Einar Sverrir og Sigurbór Heimir greiði skipuðum verjanda sínum, Erni Clausen hæstaréttarlögmanni, in solidum kr. 6.000.00 í málsvarnarlaun og ákærði Jens Emil greiði skipuðum verjanda sínum, Ragnari Ólafssyni hæstaréttarlögmanni, kr. 5.000.00 í málsvarnarlaun, en annan sakarkostnað greiði ákærðu allir in solidum.

Skaðabótakröfu Samvinnutrygginga að fjárhæð kr. 105.000.00 er vísað frá sakadómi.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.